

FRÉTTABRÉF

FÉLAGS ÍSLENSKRA NÁTTÚRUFRAEÐINGA



22. árg. 3. tbl.

nóv. 2007

Efst á baugi:

Desemberuppbót

Starfsmaður sem er við störf í fyrstu viku nóvembermánaðar fær greidda persónuuppbót 1. desember ár hvert miðað við fullt starf tímabilið 1. janúar til 31. október.

Desemberuppbót *ríkisstarfsmanna* er kr. 41.800 í ár.

Starfsfólk hjá *Reykjavíkurborg* eru með kr. 47.000 í desemberuppbót.



Almenni vinnumarkaður og Launanevnd sveitarfélaga: Vísað til ákvæða í ráðningasamningi.

Vísindasjóður FÍN

Í ár er styrkuppþæðin kr. 55 þúsund fyrir þá sem eru í 100% starfi á tímabilinu 1. nóvember 2006 – 31. október 2007.

Sjá nánar á bls. 4

Félagsfundur FÍN

Allir félagsmenn FÍN eru hér með boðaðir á félagsfund miðvikudaginn 9. janúar 2008 kl. 15:00-17:00 í fundarsal okkar í Borgartúni 6, 3. hæð.

Sjá nánar á bls. 2

Aðalfundur FÍN

Aðalfundur félagsins verður haldinn föstudaginn 1. febrúar 2008 í fundarsal okkar í Borgartúni 6, 3. hæð, kl. 15:00-17:00.

Sjá nánar á bls. 2

Útgefandi: Félag íslenskra náttúrufræðinga, Borgartúni 6, 105 Reykjavík.

sími: 568-9616, **bréfsími:** 568-9619, **netfang:** fin@bhm.is,

Heimasíða: www.fin.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Maríanna H. Helgadóttir, framkvæmdastjóri og Rósa María Sigtryggsdóttir, skjala- og upplýsingafulltrúi

Félagsfundur FÍN

Næsta ár er samningsár og eftir áramót hefjast viðræður við ríkið. Undirbúningur kröfugerðar er í fullum gangi og hafa trúnaðarmenn unnið með stjórn að fyrstu drögum. Mikilvægt er að félagsmenn taki virkan þátt í mótun kröfugerðarinnar og komi athugasemdom sínum á framfæri við trúnaðarmenn félagsins. Kröfugerð verður lögð fram til samþykktar á félagsfundi sem haldinn verður þann 9. janúar 2008 og eru félagsmenn hvattir til að mæta og taka þátt í umræðunni.



Aðalfundur FÍN

Þeir sem vilja leggja fram erindi fyrir aðalfund félagsins þann 1. febrúar 2008, verða að koma þeim til félagsins í síðasta lagi 15. janúar 2008 þannig að þau komist í fundarboðið.



Miðlægar hækkanir launa 1. janúar 2008

Hækkunin á launatöflu FÍN og ríkisins 1. janúar 2008 verður 2,0%
Hækkunin á launatöflu FÍN og Reykjavíkurborgar verður 2,5% 1. janúar 2008

Vinsamlegast fylgist með að þessu sé framfylgt í launagreiðslum til ykkar.

Orlofshús í vetur

Verð er sem hér segir:

Fullsæll, vika kr. 14.000.-, helgi kr. 8.500.-
aukadagur 1.500,-

Skógarkot, vika kr. 18.000.-, helgi 11.000.-
aukadagur 2.000,-

Við viljum benda félagsmönnum á að hægt er að sjá lausar vikur og helgar á heimasíðu FÍN www.fin.is

Einnig bendum við á orlofssjóð BHM, www.bhm.is en þar er fjöldi sumarhúsa í boði.



Kjarakaffi BHM

Á kjararáðstefnu BHM var ákveðið að koma á svokölluðu kjarakaffi BHM til að ræða áherslur í réttindamálum og verður haldið reglulega og var fyrsti fundurinn var haldinn 13. nóvember 2007. Ákveðið var að halda Kjarakaffi BHM á 2ja vikna fresti. Næsta Kjarakaffi verður 27. nóvember 2007 og verður umræðan á þeim fundi um símenntun og endurmenntun. Á þeim fundi verður væntanlega tekin ákvörðun um hvað verður umræðuefni fundarins þar á eftir sem verður þann 11. desember 2007. Einnig var ákveðið að fyrsta Kjarakaffi BHM á nýju ári yrði þann 8. janúar 2008.

Félagsmenn sem eru í samninga- og kjaranefndum og hafa áhuga á að taka þátt í þessari umræðu eru beðnir um að hafa samband við félagið í síma 568-9616.

Kjara- og stofnanasamningar

Kjarasamningar

Af kjarasamningsmálum FÍN og Launanefndar sveitarfélaga (LN) er lítið að fréttu og viðræður hafa ekki verið teknar upp að nýju, en í samkomulagi við Launanefnd sveitarfélaga þann 28. mars sl. var viðræðum frestað til 1. september 2007. Átti þá á haustdögum að meta hvort þeir ráðningarsamningar sem gerðir hefðu verið fram til þess tíma myndu gera aðilum auðveldara um vik að taka á ágreiningsmálum sínum.

Sumarið var ódrjúgt og því hafa félagsmenn verið að endurnýja og ganga frá breytingum á ráðningarsamningum nú í haust og nú hafa samningamenn FÍN hafið undirbúning að næstu samningalotu við LN og í kjölfar þess verður kallað eftir upplýsingum frá félagsmönnum að nýju um launabreytingar hjá þeim sem þiggja laun samkvæmt launanefndarsamningum. Tölvupóstur verður sendur út í næstu viku til allra félaga sem taka laun samkvæmt launanefndarsamningum og óskað verður eftir ráðningarsamningum (fyrir og eftir breytingu) og launaseðlum fyrir nóvember og desember 2007.

Stofnanasamningar

Ekki hefur tekist að ganga frá stofnanasamningum á öllum stofnunum og enn er nokkuð um að það eigi eftir að semja um 1. maí 2007 hækkunina (2%) í stofnanasamningum og því mikilvægt að ganga frá bókun/viðauka í samstarfsnefndum hvernig þeirri hækkun sé ráðstafað á hin ýmsu störf.

Áríðandi tilkynning frá Vísindasjóði FÍN

Ákveðið hefur verið að í ár verði umsóknir um styrk úr Vísindasjóði rafrænar og eru félagsmenn minntir á að fylla út umsóknareyðublað á heimasíðu félagsins.



Í ár er styrkupp hæðin kr. 55 þúsund fyrir þá sem eru í 100% starfi á tímabilinu 1. nóvember 2006 – 31. október 2007.

Félagsmenn sem hafa tekið fæðingarorlof á tímabilinu fá þann tíma metinn ef þeir hafa merkt við á „Umsóknareyðublaði um fæðingarorlof” að þeir óski eftir því að félagsgjald til FÍN sé tekið af greiðslum Tryggingastofnunar.

Ef aðili sem hefur ekki sótt um aðild að FÍN en greitt hefur verið fyrir hann í Vísindasjóðinn, þá getur viðkomandi sótt um styrk úr sjóðnum svo framarlega að sótt sé um aðild að félaginu áður en umsóknarfresti um styrk úr Vísindasjóði lýkur. Umsóknareyðublað er á heimasíðu félagsins og nauðsynlegt er að próf-skírteini fylgi umsókn.

Rétt er að benda á að félagsmenn fá ekki úthlutað fyrr en upplýsingar um starfshlutfall og starfstíma liggja fyrir.

Rafrænt umsóknareyðublað er að finna á heimasíðunni okkar www.fin.is. Þeir sem ekki hafa möguleika á að sækja um á netinu geta haft samband við skrifstofuna (s: 568-9616) og við sendum þeim það í pósti.

Byrjað verður að taka við umsóknum 30. nóvember 2007 og er **umsóknarfrestur til 31. desember 2007**. Greitt verður út 19. desember 2007 fyrir umsóknir sem berast fyrir 12. desember. Umsóknir sem berast eftir það verða greiddar út þann 15. janúar 2008.

Opnunartími skrifstofunnar yfir hátíðarnar

Við viljum benda á að skrifstofan verður lokuð milli jóla og nýárs en við opnum svo aftur 2. janúar 2008. Í neyðartilfellum er hægt að ná í Maríönnu Helgadóttur, framkvæmdastjóra FÍN í síma: 864-9616.



Félags íslenskra náttúrufræðinga óskar félagsmönnum og samstarfsaðilum gleðilegra jóla með ósk um farsæld á nýju ári og þakkar fyrir samstarfið á árinu sem er að líða.